

Heilbrigði og velferð dýra

Dýrahald og flugeldar

Á UNDAFÖRNUM árum hafa orðið fjölmörg slys og óhöpp í kringum áramótin vegna ofsahræðslu dýra á gamlárskvöld. Hræðsla og óróleiki eru eðlileg viðbrögð hjá dýrum sem vita ekki að það er ekki um stórslys eða náttúruhamfarir að ræða þegar himininn lýsist upp af háværum flugeldum! Það er í eðli þeirra að hræðast hávaða, reyk og eld og ber eigendum skylda til að passa upp á dýrin sín til þess að þau verða ekki sjálfum sér eða öðrum að voða.

● Forðast ætti eins og kostur er að hafa dýr laus í eða nálægt þéttbýli á gamlárskvöld. Hunda skal ávallt hafa í bandi og helst ketti líka þegar dýrin eru viðruð.

● Á þessum tíma er gott ráð að loka dýrin inni, hafa glugga lokaða, gardínur dregnar fyrir með dauf ljós inni og útvarp í gangi. Markmiðið er að draga sem mest úr hvellum hávaða, ljósblossum og reykjarlykt.

● Misjafnt er hvort hræddir hundar sækjast eftir félagsskap eigandans eða vilja skriða í skjól. Vilji þeir vera einir skal ekki reyna að þvinga þá fram heldur láta í friði. Kettir vilja yfirleitt vera einir í felum. Mikilvægast er að gæta þess að dýrin sleppi ekki út.

● Gæludýraeigendum er ráðlagt að hafa samband við sinn dýralækni og fá ráðleggingar vegna dýra sem þeir eiga von á að verði óróleg um áramótin.

● Ekki skal gefa dýrum róandi lyf nema í samráði við dýralækni.

● Hestamenn geta reynt að byrgja glugga á hesthúsum, hafa ljósin kveikt og stilla á útvarp til að minnka áhrifin af hávaða og ljósglömpum frá flugeldum.

● Hrossum á útigangi er gott að gefa vel áður en lætin byrja og halda á svæðum sem þau þekkja vel til að fyrirbyggja að þau fari sér að voða eða sleppi, verði þau slegin ótta. Banaslys hafa orðið á þjóðvegum þegar hestar fælast og lenda í veg fyrir bílaumferð.

Dýr gripið ofsahræðslu skal ekki skilja eftir einsamalt fyrr en tekist hefur að róa það. Annars getur það slasað sig eða týnst.



Morgunblaðið/Ásdís

Loðnir vinir Almennigur er hvattur til að taka tillit til gæludýra og láta sér nægja að skjóta upp flugeldum á gamlárskvöld.

Almennigur er hvattur til að taka tillit til gæludýra og láta sér nægja að skjóta upp flugeldum á gamlárskvöld eða á þeim tíma sem dýraeigendur geta haft viðbúnað vegna dýra sinna.